

Til fyrirtækja með leiðsögumenn í starfi

Reykjavík, 31. mars 2020

Leiðsögn – stéttarfélag leiðsögumanna - hefur fengið upplýsingar þess efnis að leiðsögumenn sem starfað hafa hjá ýmsum ferðaskrifstofum, samfelld árum saman, með svokallaðri ferðaráðningu hafi verið sagt upp störfum eða áætluð verkefni þeirra felld niður án þess að þeir njóti uppsagnarréttar og uppsagnarfrests. Með þessu eru þeir ekki aðeins sviptir launum en einnig útilokaðir frá því að geta notið hlutastarfsbóta skv. ný samþykktum lögum.

Leiðsögn telur að þessi framgangsmáti brjóti í bága við lög nr. 19/2003 um tímabundna ráðningu starfsmanna að því er varðar þá sem undir þau lög geta fallið. Í 4.gr. þessara laga segir „*Starfsmaður með tímabundna ráðningu skal hvorki njóta hlutfallslega lakari starfskjara né sæta lakari meðferð en sambærilegur starfsmaður með ótímabundna ráðningu að þeirri áðstæðu einni að hann er ráðinn tímabundið nema það sé réttlætanlegt á grundvelli hlutlægra ástæðna.*”

Fjöldi „ferðaráðinna” leiðsögumanna uppfyllir þau skilyrði sem löginn setja þ.e.áð hafa starfað hjá fyrirtækinu í tvö ár samfelld með eðlilegum hléum. Þessir leiðsögumenn eiga lögum samkvæmt sama rétt og fastráðnir væru á launuðum uppsagnarfresti og þar af leiðandi einnig rétt á samningi um skert starfshlutfall og hlutabætur. Vanræksla á því að ganga frá ótímabundnum samning, sbr 5. gr. laganna getur ekki orðið til þess að skerða ótvíræðan rétt starfsmannsins skv. 4. gr. þeirra.

Með tilvísun til þessa óskar Leiðsögn eftir því að fyrirtæki, sem sem sagt hafa upp eða dregið úr verkefnum leiðsögumanna sem framangreint getur átt við endurskoði þær ákvarðanir þannig að þær samræmist lögnum annað hvort með því að starfsmaður sem hættir fái uppsagnarfrest með launum meðan hann varir eða að gerður verði við hann ótímabundinn samningur um hlutastarf.

Félagið áskilur sér allan rétt til að tryggja hag sinna félagsmanna með öllum tiltækum ráðum, sbr. einnig 8. gr. laganna ef fyrirtækið hyggst fara á svig við löginn og í bága við siðferðiskennd flestra á fordæmalausum tímum þar sem rík áhersla ríkisstjórnar og samfélags er lögð á að “allir séu í þessu saman”.

Farið er fram á skjót viðbrögð þar sem afkoma fjölda fólks veltur á aðgerðum ykkur. Óskað er eftir svörum fyrir 8. apríl n.k.

Fyrir hönd stjórnar
Pétur Gauti Valgeirsson, formaður